

Kirkjuþing 2021-2022

55. mál – þskj. 87

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 5/2021.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Margrét Eggertsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi breytingu á starfsreglum um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar nr. 5/2021.

1. gr.

Síðari málslíður 3. greinar fellur brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjunnar nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

Greinargerð.

Í 3. gr. starfsreglna kirkjuþings um kjaranefnd þjóðkirkjunnar nr. 5/2021 segir: *Kjaranefnd kirkjunnar hefur ótakmarkað umboð til samningsgerðar við þá sem tilgreindir eru í 2. tölul. 2. gr. Samningar og ákvarðanir kjaranefndarinnar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings.*

Forsætisnefnd kirkjuþings leggur til að síðari málslíður ákvæðis þessa sem áskilur fyrirvara um samþykki kirkjuþings fyrir samningum og ákvörðunum kjaranefndar, falli brott. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða sambærilegu ákvæði í 3. gr. upphaflegra starfsreglna um kjaranefnd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, nr. 981/2020. Ákvæðið var sett inn á sínum tíma þegar fyrir lá að samið yrði á almennum vinnumarkaði um laun presta þjóðkirkjunnar í fyrsta skipti eftir að brott féllu laga- og samningsákvæði um að laun presta skyldu úrskurðuð af kjararáði og greidd af ríkinu.

Með hliðsjón af því að árlegur launakostnaður Þjóðkirkjunnar vegna vígðrar þjónustu er ríflega þrír fjórðu hlutar árlegra útgjalda kirkjunnar þótti rétt að setja ákvæði þessa efnis til öryggis þar sem óvissa var ríkjandi um endanlegan launakostnað Þjóðkirkjunnar, meðan ósamið var.

Kjarasamningur Þjóðkirkjunnar og Prestafélags Íslands var endanlega samþykktur á kirkjuþingi 21. júní 2021. Ekki þykir þörf á því lengur að halda inni ákvæði af þessu tagi og er því lagt til að það verði fellt brott.